

## Fundargerð

Fimmtudaginn 22. júlí 2010 kl. 10:00 var fundur haldinn í stjórn Byggðasamlags um menningar og atvinnumál í A-Hún., á bæjarskrifstofu Blönduósþéjar. Á fundinn voru mættir: Adolf H. Berndsen, Kári Kárasón, Vignir Á. Sveinsson, Þóra Sverrisdóttir og Arnar Þór Sævarsson sem ritar fundargerð.

Adolf H. Berndsen, setti fundinn.

### Dagskrá:

- 1. Kosning formanns**
- 2. Málefni Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi**
- 3. Önnur mál**

### Afgreiðslur:

#### 1. Kosning formanns

*Adolf H. Berndsen var kjörinn formaður byggðasamlagsins kjörtímabilið 2010-2014.*

#### 2. Málefni Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi

*Formaður byggðasamlagsins fór yfir fund sem starfsmenn heilbrigðisráðuneytisins áttu með fulltrúum sveitarfélaganna 1. júlí sl. En þar voru kynntar hugmyndir ráðuneytisins að auknu samstarfi eða sameiningu heilbrigðisstofnanna á Blönduósi og á Sauðárkrók.*

*Stjórn byggðasamlagsins fór yfir stöðu málsins. Þegar hefur verið óskað eftir fundi með heilbrigðisráðherra. Stjórnin felur framkvæmdastjóra að boða til fundar með forstjóra HSB.*

#### 3. Önnur mál

*Formaður gerði grein fyrir stöðu einstakra verkefna byggðasamlagsins. Í máli sínu kom formaður m.a. inn á gagnver, endurbætur Kvonnaskólans og málefni Héraðsskjalasafnsins svo og önnur hagsmunamál héraðsins.*

*Byggðasamlagið hefur það hlutverk að tilnefna þrjá fulltrúa í stjórn Heimilisiðnaðarsafnsins á Blönduósi og einn fulltrúa í stjórn Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna á Reykjum. Tilnefningum frestað til næsta fundar.*

*Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 11:50*